

Skólanámskrá

2023 - 2024



Grunnskóli Reyðarfjarðar



Hugrökkur  er ekkert
ómögulegt



Leiðarljós

Efnisyfirlit

ÁVARP SKÓLASTJÓRA.....	3
SAGA SKÓLANS	4
SKÓLASTARF GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR 2023-2024	5
STEFNA GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR.....	5
KENNSLUFRÆÐILEG STEFNA OG KENNSLUHÆTTIR	6
LEIDSAGNARNÁM	7
BYRJENDALÆSI	7
GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR	8
NÁMSMAT	8
UPPELDISSTEFNUR Í GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR	8
UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR – UPPBYGGING SJÁLFSAGA.....	8
ART	9
EINELTISÁÆTLUN GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR	9
HVAÐ ER EINELTI?	9
SKÓLAREGLUR GEGN EINELTI.....	10
MEÐFERÐ EINELTISMÁLA	10
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA.....	13
FORELDRASAMSTARF	13
FORELDRAFÉLAG	13
SKÓLAFÆRNINÁMSKEIÐ	14
STEFNA SKÓLANS Í HEIMANÁMI	14
UMSJÓNARKENNARI	14
ÁÆTLANIR	15
MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA	15
MÓTTAKA NEMENDA Í 1. BEKK	15
MÓTTAKA NEMENDA MEÐ ÍSLENSKU SEM ANNAD TUNGUMÁL.	16
BRÚUM BILIÐ	16
SAMSTARF VIÐ FRAMHALDSSKÓLA	16
ÖRYGGIS- OG SLYSAVARNIR	16
JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI	16
ÁFALLAÁÆTLUN	17
FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASTEFNA FJARÐABYGGÐAR	17
FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASTEFNA FJARÐABYGGÐAR	17
ÁHERSLUR TIL ÞRIGGJA ÁRA	17
FJÖLSKYLDUSTEFNA FJARÐABYGGÐAR	17
FRAMTÍÐARSÝN	17
LEIÐARLIÓS.....	17
MEGINMARKMIÐ	18
STEFNA	18

Ávarp skólastjóra

Ágætu forráðamenn

Leiðarljós er skólanámskrá og starfsáætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar. Í grunnskólalögum nr 91/2008 29. gr. segir að gefa eigi út skólanámskrá og starfsáætlun í hverjum grunnskóla og að skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara.



Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu hvers grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Einnig er skólastjóri ábyrgur fyrir umfjöllun starfsáætlunar í skóla og skólaráði.

Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins og er birt á heimasíðu skólans.

Við í Grunnskóla Reyðarfjarðar notum upplýsingavefinn mentor.is. Mentor er lokaður vefur þar sem forráðamenn þurfa að skrá aðgangsorð sem hægt er að nálgast hjá umsjónarkennara, ritara eða skólastjórnendum. Á Mentor geta nemendur og forráðamenn séð bekkjalista og sent póst, skoðað ástundun barna sinna, stundatöflur, heimanám, námsáætlanir og námsmat. Vefsvæði Mentors heldur utan um námsmat hæfniviðmiða og er mikilvægt að nemendur og forráðamenn tileinki sér það að fylgjast vel með á námssvæði nemenda í Mentor en á hæfnikortum hverrar námsgreinar er lýsing á á þeirri hæfni sem nemendur eiga að stefna að og hafa náð. Tvisvar á ári hitta hitta nemendur og forráðamenn þeirra umsjónarkennara barnsins þar sem meðal annars er farið yfir námshæfni þess.

Skólastarf snýst ekki eingöngu um að ná góðum árangri í námsgreinunum, það er einnig mikilvægt að við skilum frá okkur ánægðum einstaklingnum sem eru færir í mannlegum samskiptum, búa yfir seiglu og þrautseigju og tilbúnir að axla þá ábyrgð sem felst í því að taka þátt í samfélagi. Þau gildi sem við þurfum að hafa í huga í daglegu starfi eru kurteisi, þrúðmennska og virðing fyrir hvert öðru og umhverfi okkar og það að gefast ekki upp þó á móti blási. Þessa eiginleika þurfum við að muna að rækta í dagsins önn.



Saga skólans

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn vexti hennar og viðgangi. Haustið 1897 var barnaskóli settur á fót í innsveit Reyðarfjarðar og kennt í því húsi sem nú er veitingastaðurinn Tærgesen en það er eitt af elstu húsum þorpsins og á sér merkilega sögu.

Næstu ár á eftir á skólinn í sífelldu húsnæðishraki og mikil óvissa ríkti um skólahald og kennt var í nokkrum húsum, m.a. Seylu, Klöpp, Kollaleiru og Skál. Árið 1916 var flutt í nýtt skólahúsnæði og hófst kennsla í október það ár. Ýmis konar starfsemi hefur farið fram í húsinu eftir að hætt var að kenna þar en hreppsskrifstofur Reyðarfjarðarhrepps voru með skrifstofur þar í mörg ár, bókasafn Reyðarfjarðar var þar í viðbyggingu og einnig var starfsemi tónlistarskólans þar í nokkur ár. Í dag fer starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Zveskjunnar þar fram.

Núverandi húsnæði Grunnskóla Reyðarfjarðar er samsett af þremur byggingum og var fyrsti hluti þess tekinn í notkun í janúar 1963. Fljótlega var það húsnæði of lítið og gripið til þess ráðs að kenna að hluta til í Félagslundi og seinna í leikskólanum Lyngholti.

Árið 1990 var tekin í notkun viðbygging sem gerði það að verkum að skólahald fór allt fram á sama stað og með útsjónarsemi var hægt að einsetja skólann 1995 eins og lög gerðu ráð fyrir. Árið 2006 var nýjasta viðbyggingin tekin í notkun og var haldin mikil hátíð af því tilefni. Þá voru grunnskólinn, tónlistarskólinn og bókasafn Reyðarfjarðar komin undir sama þak. Með þessari viðbyggingu var einnig tekinn í gagnið hátíðarsalur sem nýtist einnig sem mötuneyti fyrir nemendur. Þó mikil breyting hafi þá orðið á allri starfsmannaaðstöðu með stjórnunarálmum sem inniheldur skrifstofur stjórnenda, fundarherbergi, aðstöðu ritara og sameiginlegt vinnurými kennara og annarra starfsmanna ásamt kaffistofu er nú ljóst að með fjölgun nemenda fjölgar í starfsmannahópnum og þrengir nú orðið að þeim á vinnuaðstöðu þeirra. Segja má að hvert rými í skólanum sé nú fullnýtt og ljóst að fjölgi nemendum frekar á næstu árum þarf að huga að stækkun skólahúsnæðis Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Árið 1981 var byggt íþróttahús við hlið skólans. Það gjörbreytti allri íþróttaaðstöðu nemenda en áður voru íþróttir kenndar í Félagslundi og sund í námskeiðsformi á Eiðum og svo síðar á Eskifirði. Haustið 2021 var svo enn eitt blað brotið í sögu íþróttamannvirkja á Reyðarfirði er hafist var handa við að byggja nýtt íþróttahús á melnum fyrir ofan það gamla og var það vígt vorið 2023. Með tilkomu nýs íþróttahúss hefur öll aðstaða til íþróttaiðkunar barna og fullorðinna á Reyðarfirði breytst til muna. Auk þess hafa nemendur frá grunnskólanum á Eskifirði notað íþróttaaðstöðuna hér í vetur þar sem íþróttahúsið þeirra þarfnast viðgerðar. Ekki hefur verið ráðist í það að gera við sundlaugina okkar og hefur því sundkennsla farið fram í sundlauginni á Eskifirði og er nemendum keyrt þangað einu sinni í viku að hausti og að vori.

Skólastarf Grunnskóla Reyðarfjarðar 2023-2024

Veturinn 2023-2024 eru nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar 202 í 10 bekkjardeildum. Fjöldi nemenda í bekk er frá 14 nemendum upp í 31. Við skólann starfa 46 starfsmenn, 25 við kennslu, 9 stuðningsfulltrúar, 3 skólaliðar, 2 starfsmenn í Skólaseli, 1 bókavörður, 1 ritari, 1 húsvörður og svo 3 stjórnendur.

Stefna Grunnskóla Reyðarfjarðar

Skólinn á að snúast um heill og hamingju nemenda. Í honum eiga þeir að geta þroskast og dafnað í öruggu skjóli, þar sem þeim á að geta liðið vel og notið tækifæra til að afla sér þekkingar og leikni. Skólastarfið þarf að styrkja sjálfstraust nemenda, ábyrgð þeirra og seiglu og auka þeim víðsýni og samstarfshæfni. Þannig geta þeir á farsælan hátt tekist á við lífið í síbreytilegu samfélagi nútímans og lagt sitt af mörkum til að bæta það.

Skólinn mótast af því umhverfi sem hann starfar í. Fjarðabyggð er fjölmennningarlegt samfélag og endurspeglast það í samsetningu nemendahóps Grunnskóla Reyðarfjarðar. Þess vegna er sérstök áhersla lögð á markvissa kennslu í íslensku sem annað tungumál og umburðarlyndi og víðsýni nemenda. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og hefur aðstaða fyrir fatlaða nemendur verið bætt til muna síðustu ár. Þegar sundlaugin okkar verður tilbúin verður hér mjög góð aðstaða til kennslu og þjálfunar fatlaðra barna sem og annarra. Fjölbreytt atvinnustig er í Fjarðabyggð og er námsgreinum í Grunnskóla Reyðarfjarðar gert jafnt undir höfði bæði bóknámsgreinum og verknámsgreinum. Áhersla er lögð á list- og verknám í skólanum og á unglingastigi fá nemendur að kynnast fjölbreyttu verknámi í samstarfi við Verkmenntaskólann á Norðfirði. Ósnortin náttúran hér allt um kring okkar er líka óþrjótandi uppspretta viðfangsefna bæði í leik og starfi. Á hverju hausti fara nemendur í skipulagðar ferðir þar sem áhersla er lögð á að auka hreysti og þol um leið og nemendur kynnast náttúruþráttum í sínu nánasta umhverfi. Við hvetjum auk þess nemendur til að velja sér virkan ferðamáta í og úr skóla til að efla útiveru og hreyfingu.

Til að hjálpa okkur við að gera skólann að þeirri stofnun sem við gjarnan viljum að hann verði setjum við skólastarfinu almenn markmið, nokkurs konar yfirmarkmið yfir þau markmið sem við setjum okkur í einstökum námsgreinum, félagslífi og fleiri þáttum.

Okkar almennu markmið eru að:

- Stuðla að vellíðan nemenda þannig að þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi.
- Efla sjálfstraust nemenda og jákvæða sjálfsmynd.
- Stuðla að alhliða þroska hvers einstaklings, andlegum, félagslegum, siðferðislegum og vitsmunalegum.

- Fræða nemendur um eðli og nauðsyn félagslegra reglna. Þjálfa þá í að starfa saman og temja þeim að taka tillit til annarra.
- Efla seiglu og þrautseigju, að hvetja nemendur til að gefast ekki upp þótt þeir mæti hindrunum heldur leita lausna og halda ótrauðir áfram að þeim markmiðum sem þeir setja sér.
- Glæða fróðleiksfýsn nemenda og veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni með fjölbreyttum kennsluáðferðum.
- Efla þol og heilbrigði og hvetja nemendur til að stunda íþróttir og hreyfingu.
- Örva sjálfstæða hugsun nemenda og ímyndunarafl, ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og temja þeim að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Gera nemendur læsa á umhverfi sitt með því að beina athygli þeirra að fegurð í nánasta umhverfi sínu, í listsköpun og úti í náttúrunni og vekja áhuga þeirra á umhverfis- og náttúruvernd.
- Stuðla að jafnrétti í skólastarfi, gera öllum jafn hátt undir höfði.
- Auka þekkingu nemenda á heimabyggðinni, umhverfi, sögu, atvinnulífi o.fl.
- Brjóta reglulega upp hefðbundið skólastarf og gefa nemendum tækifæri til að fást við óhefðbundin viðfangsefni.
- Rækta gott samstarf við bæjarbúa: heimili, stofnanir og félagasamtök, m.a. með því að gera skólastarfið sýnilegra með sýningum, hátíðum, opnum dögum o.s.frv.
- Að nemendur nái sem bestum námsárangri, miðað við getu og þroska hvers og eins, sem verði nemendum hvatning til frekari dáða í námi eða starfi að loknum grunnskóla.

Gildi Grunnskóla Reyðarfjarðar er:

*Hugrökku ❤ er ekkert
ómögulegt*



Eða: Með þrautseigju og dugnaði getur þú náð þeim markmiðum sem þú setur þér.

Kennslufræðileg stefna og kennsluhættir

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, frá 2011, segir að skólinn sé menntastofnun og að meginhlutverk hans sé að stuðla að almennri menntun nemenda sinna og búa þá undir líf og störf í lýðræðisþjóðfélagi. Almenn menntun eykur hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs en menntun er ævilangt ferli. Því er mikilvægt að skólinn styðji námshvöt nemenda, rækti námsgleði og jákvæðan vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er leitast við að hafa kennsluhætti fjölbreytta og reynt að aðlagja nám að þörfum og getu hvers og eins nemenda. Undanfarin ár höfum við unnið að því að tileinka okkur starfshætti leiðsagnarnáms en megin markmið þess er að gera nemendum kleift að taka aukna ábyrgð á eigin námi. Við teljum að með því að tileinka okkur áherslur leiðsagnarnáms styrkist sjálfsmynd nemenda, hæfni þeirra til samvinnu eykst og síðast og ekki síst, námsárangur þeirra batnar. Kennarar vinna saman allan veturinn að því að fræðast hver

af öðrum og hver með öðrum og styrkjast sem fagmenn með það að markmiði að bæta skólastarf í anda leiðsagnarnáms.

Við höfum átt því láni að fagna að eiga gott og farsælt samstarf við aðstandendur nemenda Grunnskóla Reyðarfjarðar og óskum eftir því að vinna áfram með samstilltu átaki heimila og skóla að því að styrkja nemendur okkar til fjölbreyttrar menntunar.

Leiðsagnarnám

Grunnskóli Reyðarfjarðar vinnur eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms og hefur það að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Leiðsagnarnám byggir á fimm stöðum sem saman leiða að jákvæðari námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Byrjendalæsi

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Í Byrjendalæsi er áhersla lögð á hljóðaaðferð en rannsóknir benda til þess að góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra, áður en formlegt lestrarnám hefst, hafi mikið forspárgildi fyrir það hversu hratt og vel börn verða umskráningarfær. Einnig hefur verið bent á að sjálfvirk og fyrirhafnarlaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóðs liggi til grundvallar góðri umskráningarfærni. Hljóðaaðferðin er vel rannsökuð kennsluaðferð og almennt viðurkennt að hún sé skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu. Gildir þar einu hvort um er að ræða börn sem læra fyrirhafnarlítið að lesa eða börn með undirliggjandi veikleika.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til læsiskennslu barna 1. og 2. bekk og í Grunnskóla Reyðarfjarðar hefur aðferðin einnig verið innleidd í 3. og 4. bekk. Við mótnun aðferðarinnar var einkum horft til rannsókna þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluaðferðir í læsi feli í sér nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Fylgst verður reglulega með hvernig Byrjendalæsi bætir nám og kennslu með því að rýna í niðurstöður skimana og samræmdra prófa.

Nánari upplýsingar um lestraraðferðina má sjá hér:

<https://www.msha.is/is/moya/page/byrjendalaesi>

Grunnþættir menntunar

Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011, eru skilgreindir grunnþættir menntunar en þeir eru:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun.

Grunnþættir menntunar eiga að vera leiðarljós í öllu námi og starfsháttum grunnskólanna. Hafa ber þá í huga við skipulag skólastarfs og flétta þá með fjölbreyttum hætti inn í nám og störf nemenda.

Námsmat

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar vinnum við í anda Leiðsagnarnáms þar sem áhersla er lögð á markvissa endurgjöf með samræðum og leiðsögn. Markmiðið er að valdefla nemendur til að gera þeim fært að taka aukna ábyrgð á námi sínu. Stuðst er við fjölbreytt námsmat með það að markmiði að aðlaga námið að þörfum hvers og eins, örva námsáhuga og hvetja til sjálfs mats.

Uppeldisstefnur í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er unnið eftir uppeldisaðferðinni Uppeldi til ábyrgðar.

Helstu áherslupættir uppeldisstefnunnar eru þessir:

- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum en skýrum reglum.
- Miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Þjálfar börn í að vera þau sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum.
- Ýtir undir umhyggjusamt skólasamfélag.

ART

ART-þjálfun er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART-þjálfun fer fram fyrir einstaklinga eða litla hópa.

Eineltisáætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar

Við líðum hvorki einelti né annað ofbeldi í Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Starfsfólk skólans leitast við að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og leysa þau mál sem upp koma á eins farsælan hátt og kostur er. Það er einlægur vilji okkar að skólinn okkar sé öruggur vinnustaður og að þar líði öllum vel. Við sýnum nemendum okkar festu og ákveðni en um leið hlýju og virðingu.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar hefur verið unnið samkvæmt aðferðum Dan Olweus gegn einelti. Olweus er norskur sálfræðingur sem hefur til margra ára unnið að rannsóknum á einelti og sett saman áætlun sem miðar að því að uppræta og vinna gegn einelti.

Bekkjarfundir eru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Bekkjarreglur eru fáar en skýrar þar sem áhersla er lögð á virðingu og vináttu. Við höfum sérstakan vinadag til að styrkja tengsl nemenda og reynum að tryggja öryggi nemenda sem best við getum í frímínútum og á göngum skólans.

Gott samstarf heimila og skóla er lykilatriði í baráttunni gegn einelti. Við leggjum áherslu á að forráðamenn séu vel upplýstir um verkefnið og viljum stuðla að aukinni þátttöku foreldra í starfi skólans.



Hvað er einelti?

Samkvæmt skilgreiningu Olweusar er það er talið einelti þegar einn eða fleiri beita einstakling endurteknu líkamlegu eða andlegu ofbeldi eða félagslegri útskúfun.

Sagt er að nemandi sé lagður í einelti þegar annar nemandi eða nemendur:

- segja meiðandi og óþægileg orð við hann, gera grín að honum eða nota ljót og meiðandi uppnefni
- virða hann ekki viðlits eða útiloka hann viljandi úr vinahópnum
- slá, sparka, hárreita, hrinda eða loka hann inni eða úti
- segja ósatt eða dreifa upplognum rógi um hann eða senda kvikindislega miða, eða skilaboð á hvers konar samfélagsmiðlum, í þeim tilgangi að reyna að fá aðra nemendur til að kunna illa við hann.

Gerist þetta oft og mörgum sinnum er það einelti og sá sem verður fyrir því á mjög erfitt með að verja sig. Sama er að segja um síendurtekna stríðni, þegar einhverjum er strítt hvað eftir annað á óþægilegan, meiðandi hátt.

Það er hins vegar ekki einelti þegar einhverjum er strítt á góðlátlegan og vingjarnlegan hátt. Sama er að segja um þegar jafnsterkir nemendur (jafningjar) slást eða rífast.

Skólareglur gegn einelti

1. Við leggjum ekki aðra í einelti.
2. Við aðstoðum þá nemendur sem verða fyrir einelti.
3. Við gætum þess að enginn sé einn.
4. Ef við vitum að einhver er lagður í einelti segjum við umsjónarkennaranum (eða öðrum starfsmanni í skólanum) frá því og líka fólkinu heima.

Meðferð eineltismála

Ef grunur vaknar um að einelti eigi sér stað í skólanum fer eftirfarandi ferli í gang: Starfsmaður skólans sem verður vitni að eða fær vitneskju um stríðni eða einelti lætur umsjónarkennara vita, munnlega eða með tölvupósti.

- Komi upp grunur um einelti er fyllt út tilkynning á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans.
- Öllum málum er vísað til umsjónarkennara viðkomandi nemenda og/eða eineltisteymis skólans.
- Allir starfsmenn skólans fylgjast með samskiptum og líðan nemenda í skólanum og þar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Málið er kannað hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Rætt er strax við þolanda með eða án foreldra, allt eftir því hvernig málið ber að. Í öllum tilfellum eru forráðamenn látnir vita.


*Hugrökku  er ekkert
ómögulegt*



- Rætt er við geranda/gerendur. Forráðamenn eru í öllum tilfellum látnir vita af því og í sumum tilfellum einnig boðaðir í viðtal með geranda.
- Umræður í bekknum og lögð áhersla á að kanna hve víðfeðmt málið er.
- Umsjónarkennari getur lagt fyrir nemendur tengslakannanir og átt við þá viðtöl til að fá skýrari mynd af því sem er í gangi.
- Ef ekki tekst að uppræta eineltið eftir aðgerðir umsjónarkennara og eineltisteymis er málinu vísað til stjórnenda skólans sem leita munu þeirrar aðstoðar sem þörf er á til að uppræta eineltið.



Eineltisáætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar



Samstarf heimilis og skóla

Foreldrasamstarf

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Eigi skólastarfið að ganga vel fyrir sig þarf að rækta samstarfið og tryggja að forráðamenn eigi greiðan aðgang að skólanum og öfugt.

Við megum aldrei gleyma því að forráðamenn eru þeir máttarstólpar sem börnin treysta á. Þeir eru sterkasti mótunaraðili barnanna og geta haft ótvíræð áhrif á hve mikið börnin fá út úr skólagöngunni.

Í skólanum gerum við ýmislegt til þess að mynda tengsl milli heimilis og skóla. Á Mentor er að finna stundaskrár og námsáætlanir, yfirlit yfir lotur og hæfnikort ásamt dagbók nemandans.

Við gefum út Leiðarljós, sem skiptist í skólanámskrá og starfsáætlun vetrarins og er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Í ágúst hefst skólastarfið með viðtölum nemanda, forráðamenn og umsjónarkennara þar sem farið er yfir stöðu nemandans námslega og félagslega, markmið vetrarins rædd, nýjungar og breytingar í skólastarfi kynntar og farið yfir skóladagatal og ýmis hagnýt atriði. Í nóvember taka nemendur og kennarar samtal um námsstöðu nemenda og leggja á ráðin með ný markmið.

Í febrúar er samráðsdagur forráðamanna, nemenda og umsjónarkennara þeirra þar sem rætt er um skólastarfið og námslega stöðu nemandans. Einnig geta forráðamenn beðið um viðtal við kennara, hringt eða komið í skólann og rætt málín þegar þurfa þykir.

Í vetur höfum við í samstarfi við forvarnarteymi Fjarðabyggðar, boðið upp á fræðsluerindi bæði fyrir nemendur og forráðamenn þeirra. Á slíkum vettvangi hefur foreldrum gefist tækifæri til að ræða um mikilvægi þess að allir vinni saman að því að setja viðmið sem stuðlað geta að forvörnum. Þar má nefna viðmið um útivistartíma og skjánotkun. Foreldrar hafa á þessum vettvangi og í þessum tilgangi skrifað undir foreldrasamninga.

Foreldrafélag

Forráðamenn hafa lagt sitt af mörkum til að styrkja skólastarfið og tryggja gott samstarf. Foreldrafélag hefur starfað í góðu samstarfi við skólann frá stofnun þess 1985. Það hefur staðið fyrir fundum um uppeldismál, stutt félagsstarf nemenda og veitt skólanum ómetanlegan stuðning.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur verið góður skilningur á mikilvægi samstarfs heimilis og skóla því það munu alltaf koma upp mál í skólanum sem þarft er að ræða t.d. agavandamál, einelti, persónulegir erfiðleikar, sjúkdómar, óregla og svo mætti lengi telja. Í öllum tilvikum er nauðsynlegt að tengslin séu góð og gagnkvæmt traust milli aðila.

Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilisins til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans. Með þessu er ekki verið að segja að forráðamenn eigi að sleppa allri gagnrýni, þvert á móti, þeir eiga að kynna sér málin og tala þá beint við starfsfólk skólans. Forráðamenn geta tekið þátt með því m.a. að hvetja börnin til dáða og sýna áhuga á því sem þau eru að fást við. Hvetja þau til að sýna kurteisi í garð annarra og koma heiðarlega fram.

Það er mikilvægt að tala gætilega í áheyrn barna, ekki síst þegar talað er um skólann. Ef eitthvað má betur fara í starfsemi skólans þá hafið samband við starfsfólk hans um málið, það er án efa árangursríkast.

Skólafærninámskeið

Að hausti er boðið upp á skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Það sem kynnt er á námskeiðinu er: skólastarfið og skólahúsnæðið, áherslur í lestrar- og stærðfræðikennslu, bekkjarstarfið og nemandinn, starf foreldrafélagsins og uppeldisstefna Fjarðabyggðar - Uppeldi til ábyrgðar. Þeir sem koma að námskeiðinu eru umsjónarkennari 1. bekkjar, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu og kennsluráðgjafi frá skólaþjónustu Fjarðabyggðar

Stefna skólans í heimanámi

Sameiginlegt verkefni skóla og heimilis er að búa nemendur undir líf og starf. Grunnskólinn sér nemendum fyrir formlegri fræðslu og tekur þátt í félagslegri mótun þeirra en megin ábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum/forráðamönnum. Stefna skólans er að nemendur stundi heimanám til að styrkja eigin færni og jafnframt starf skólans. Nemendur á miðstigi geta fengið heimanámsaðstoð í skólanum tvisvar sinnum í viku. Skólinn leitast við að daglegt heimanám sé hæfilega mikið, frá ½ klst.- 1 ½ klst. og að verkefnin séu viðráðanleg. **Mikilvægt er að allir nemendur skólans lesi heima á hverjum degi.**

Til að nemendur nái árangri í námi þurfa forráðamenn að fylgja þeim eftir og sýna starfi þeirra áhuga. Hafa ber í huga að áhugi og nærvera forráðamanna skiptir meginmáli fyrir nemandann í vinnu sinni heima fyrir.

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari á að fylgjast með og stuðla að alhliða velferð og þroska nemenda. Umsjónarkennari

- Skal leitast við að ná innan bekkjarins jákvæðum félagatengslum og umburðarlyndi í samskiptum.
- Skal leiðbeina nemendum í námi og starfi innan skólans og fylgjast náið með námslegri stöðu þeirra.
- Skal aðstoða nemendur og ráðleggja þeim um vinnulag, námsval og persónuleg mál.

- Skal leita eftir samráði við sérgreinakennara.
- Er tengiliður skólans við forráðamenn vegna samstarfs skóla og heimilis.
- Sendir vikulegan póst til upplýsingar fyrir heimilin um bekkjar-/skólastarfið.
- Skal gæta trúnaðar og sýna nemendum virðingu.



Áætlanir

Móttaka nýrra nemenda

Móttaka barns sem flyst í nýtt skólahverfi

Sjá áætlun á heimasíðu skólans, grunnrey.is:

<https://www.grunnrey.is/static/files/haust/2021-2022/mottaka-nyrra-nemenda.pdf>

Móttaka nemenda í 1. bekk

Að hausti.

Er fimm ára börnum (Öðlingum) boðið í Grunnskólann til að verja deginum með sex ára börnum í fyrsta bekk. Helmingur Öðlinga kemur í grunnskólann og helmingur fyrsta bekkjar fer á leikskólann. Viku síðar kemur seinni helmingur hópsins.

Að vori.

Skömmu eftir áramót koma tveir Öðlingar í einu í skólaheimsókn vikulega þar til allur hópurinn hefur komið í heimsókn. Í maí kemur verðandi fyrsti bekkur í skólann og ver einum degi með verðandi umsjónarkennara ef hægt er.

Í júní er skilafundur leikskólakennara með verðandi kennara 1. bekkjar, deildarstjóra sérkennslu og skólastjóra.

Móttaka nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Sjá áætlun á heimasíðu skólans, grunnrey.is:

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/mottaka-nyrra-nemenda-1-.pdf>

Brúum bilið

Mikilvægt er að tvö fyrstu skólastigin, leikskóli og grunnskóli, stilli saman strengi þannig að samfella verði í námi nemenda. Starfsfólk leikskólans Lyngholts og Grunnskóla Reyðarfjarðar er vel meðvitað um gildi samstarfs og gerir áætlun um samstarf hvers skólaárs, sem við köllum Brúum bilið. Deildarstjóri öðlinga og umsjónarkennari 1. bekkjar hafa umsjón með áætlun vetrarins, en hún er í grófum dráttum þessi:

- Að hausti er samtalsfundur um væntanlegt samstarf.
- Samráðsfundur deildarstjóra öðlinga og deildarstjóra sérkennslu.
- Í desember fylgja 5. bekkingar leikskólabörnunum í kirkju ásamt leikskólakennurum.
- Í desember fara nemendur í 8. bekk með leikskólanemendum á útikaffihús ásamt leikskólakennurum.
- Frá áramótum til vors eru skiptidagar nemenda, þá koma tveir nemendur úr öðlingahópi í 1. bekk og tveir nemendur úr 1. bekk fara í leikskólann.
- Að vori koma verðandi 1. bekkingar í grunnskólann og verða hjá væntanlegum kennara sínum í einn dag.
- Í júní er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla.

Samstarf við framhaldsskóla

Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum bjóða nemendum 10. bekkjar og stundum 9. bekkjar í heimsókn þar sem starf skólans, nemendafélags og húsakynni eru kynnt fyrir þeim. Nemendur fá einnig kynningu frá Framhaldsskólanum á Laugum á hverju vori þegar fulltrúar þaðan koma hingað í heimsókn.

Á hverju vori hittir umsjónarkennari 10. bekkjar ásamt deildarstjóra sérkennslu námsráðgjafa og aðra fulltrúa framhaldsskólanna á Austurlandi þar sem farið er yfir námslega stöðu þeirra nemenda sem sótt hafa um nám í viðkomandi framhaldsskólum.

Öryggis- og slysavarnir

Öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður úr röðum starfsmanna fylgjast með að öryggisreglum sé fylgt eftir og endurbætur séu gerðar strax fari eitthvað úrskeiðis sem ógnað gæti öryggi nemenda og starfsfólks.

Jafnrétti og mannréttindi

Sjá áætlun á heimasíðu skólans, grunnrey.is:

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/jafnrettisaaetlun-grunnskola-reydarfjarðar-2016.pdf>

Áfallaáætlun

Sjá áætlun á heimasíðu skólans, grunnrey.is:

<https://www.grunnrey.is/static/files/haust/2021-2022/afallaaetlun-grunnskola-reydarfjardar.pdf>

Fræðslu- og frístundastefna Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð setti sér fræðslu- og frístundastefnu sumarið 2009 og nú, 10 árum síðar, hefur stefnan verið endurskoðuð. Þeirri vinnu stýrði fjölskipaður starfshópur sem sótti hugmyndir annars vegar til ráðgjafa víðsvegar að og hinsvegar til mörg hundruð íbúa Fjarðabyggðar á öllum aldri sem komu að hugmyndavinnu um sinn draumaskóla og sínar drauma frístundir. Á þessari síðu má finna allar nánari upplýsingar um stefnuna, og áherslur vegna endurnýjunnar hennar 2020 – 2022.

Fræðslu- og frístundastefna Fjarðabyggðar

<https://www.fjardabyggd.is/Media/fraedslu-og-fristundastefna-fjardarbyggdar.pdf>

Áherslur til þriggja ára

<https://www.fjardabyggd.is/Media/aherslur-til-thriggja-ar-vegna-endurnyjunnar-fraedslu-og-fristundastefnu-fjardabyggdar.pdf>

Fjölskyldustefna Fjarðabyggðar

Framtíðarsýn

Þjónusta Fjarðabyggðar styður við og eflir fjölskyldur í sveitarfélaginu með það í huga að auka tækifæri einstaklinganna og valkosti í lífinu.

Leiðarljós

Við mótun og framkvæmd fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Fjölskylda er hugtak sem á við um alla þá sem eru með heimili í Fjarðabyggð, hvort sem um er að ræða stórfjölskyldur, kjarnafjölskyldur, samsettar fjölskyldur, sambýlisfólk eða einstaklinga.
- Allar fjölskyldur og allir einstaklingar njóta virðingar og eru jafnréttháir.
- Sterkar, sjálfstæðar og ábyrgar fjölskyldur eru grunnur sterks og öflugs samfélags.

- Fjölskyldur veita einstaklingum öryggi og tækifæri til vaxtar og stuðla að því að einstaklingarnir dafni og verði ábyrgir.
- Styrkleiki í samböndum fullorðinna er grunnur að vellíðan barna, grunnur farsældar verður til á fyrstu árum lífs hvers einstaklings.
- Fjölskyldur eru ábyrgar fyrir eigin fjölskyldumeðlimum og gagnvart samfélaginu sem þær búa í, fullorðnir fjölskyldumeðlimir bera jafna ábyrgð á velferð fjölskyldunnar.
- Sveitarfélagið getur haft áhrif á velferð fjölskyldna og getu þeirra til þess að dafna en fjölskyldur bera ábyrgð á daglegri virkni og starfsemi sinni.



Meginmarkmið

Fjarðabyggð eflir fjölskyldur og fjölskyldumeðlimi með fjölbreyttri þjónustu, til samræmis við ákvæði laga og þarfir þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, fagmennsku, viðurkenndar aðferðir, skilvirkni og hagkvæmni.

Í því samhengi miðar þjónusta sveitarfélagsins við að:

- Hvetja allar fjölskyldur til áframhaldandi búsetu í Fjarðabyggð og nýta það þjónustuframboð sem þörf er á hverju sinni.
- Styðja við þær fjölskyldur sem þess þurfa, með það að leiðarljósi að auka lífsgæði þeirra.
- Gefa fjölskyldum í verulegum vanda kost á sértækum stuðningsaðgerðum með það að leiðarljósi að styðja fjölskyldurnar til betri lífsgæða og þátttöku í samfélaginu eins og kostur er.

Stefna

Í allri þjónustu við fjölskyldur stefnir Fjarðabyggð að því að:

- Virðing og lausnamiðuð nálgun sé grundvöllur allra samskipta, bæði við fjölskyldurnar og samstarfsaðilana.
- Þjónustan verði fjölbreytt og einstaklingsmiðuð til að mæta sértækum þörfum ólíkra fjölskyldna og um leið til samræmis við ákvæði laga.
- Þjónusta við fjölskylduna verði heildstæð, samþætt og samræmd.
- Ákvörðun um veitta þjónustu miði að því að jafnræðis sé gætt og hagsmunir notandans hafðir að leiðarljósi, m.a. með því að tryggja góða, fyrirbyggjandi, áreiðanlega, skilvirka og til lengri tíma hagkvæma þjónustu.
- Persónutengd þjónusta verði mótuð eftir þörfum og aðstæðum og veitt í nærumhverfi fjölskyldunnar og með fjölskylduvænum hætti eins og kostur er.
- Þjónustuáherslur miði að því að gera fjölskyldur hæfari til að mæta þjóðfélagslegum og/eða persónulegum breytingum.

- Verklag við mótun og framkvæmd þjónustu tryggir gott aðgengi að úrræðum.
- Ákvarðanir um þjónustu byggja á faglegri þekkingu og viðurkenndum aðferðum.

